

hönnunarsamkeppni  
**LAUGAVEGUR**

30406



## Laugavegurinn fyrir alla á forsendum gangandi fólks: „Laugavegur er mýksta gata sem til er í nokkurri borg“

Við hugmyndavinnu og hönnun götunnar er gott að rifja upp og taka mið af lýsingum Jóhannesar Kjarvals um Laugavegin sem hann lýsir svo vel á eftirfarandi hátt;  
 „Skemmtilegast er að ganga úti á miðri götunni á kvöldin eftir vagna- og hestaumferðina. Þjer mun líða vel, þegar þú ert búin að ganga hana á enda fram og aftur. Vara þú þig, Landi að hún lokki þig ekki til þess að byggja inneftir, lengra – lengra – í það óendanlega. Líklegast eru það laugakonur, sem upprunalega lögðu þennan veg, með sleða og kerru hafa þær farið þar um, sem landið gaf þeim ljúfast undir fótinn. Hjer er tækifæri fyrir íslenska listamenn að reisa Laugakonur þessum minnisvarða og finna hæfilegan stað milli Smiðjustígs og Laugavegs og inn götunnar; því þegar fram líða stundir, verður Laugavegurinn einn af uppáhaldsgötum höfuðstaðarbúa og allra sem hingað koma.“


Tillagan tekur margvíslegt úr lýsingum hans og gerir að sínum. Tillagan vinnur þannig með og stuðlar að því smágerða og mannlega á forsendum þess gangandi og þess sem er. Þannig verður allur Laugavegurinn hannaður með yfirbragði göngugötu með 15 km umferðarhraða þar sem hver notandi fær sitt svæði í opnu umhverfi götunnar.



Þvottalaugarnar í laugardal




Laugavegur



Laugavegur


### UMFERDARSKÝRINGAR MKV\_ 1:5000




 Umferð á göngugötu: VETUR  
(gata opin fyrir gangandi, hjólandi og bílaumferð)

- Bílastæði / Bílastæðahús
- Göngugata: Veitingar, sölusvæði
- Hjólstæði



 Umferð á göngugötu: SUMAR  
(gata lokað að hluta til)

- Bílastæði / Bílastæðahús
- Göngugata: Veitingar, sölusvæði
- Hjólstæði



Yfirlit yfir veitingar- og söfnunarstaði

- Söfnunarstaðir
- Þak veitingar
- Einkarými/Veitingarrými

Tillagan gerir ráð fyrir að göturými Laugavegarins verði einfaldað með skýru efnisvali og útfærslum þannig að rýmið verði heilsteyppt og myndi afslappað umhverfi fyrir fjölbreytt mannlíf. Með einföldu og stílhreinu efnisvali og hnitmiðaðri götulýsingu fá húsin við götuna að njóta sín á sínum forsendum. Þannig má skýra og upphefja þann margbreytileika sem Laugavegurinn hefur uppá að bjóða í dag. Markmiðið er að gera „multi-flex“ götu þar sem hönnun götunnar miðast fyrst og fremst við þarfir gangandi fólks með aðgengi fyrir alla og aðrir sem nota götuna, eins og hjóla- og bílaumferð, koma þar inn á forsendum gangandi fólks. Aðgreining notenda götunnar, þar sem þess er þörf, er mörkuð í yfirborðinu og í staðsetningu götugagna.

Meginhugmyndin að baki hönnun götunnar er að notkun hennar geti verið breytileg milli árstíða og að hún opni fyrir áframhaldandi þróun á notkun eftir breytilegum tíðarandanum. Með því að leggja til sama efnisval og yfirbragð eftir allri endilangri götunni er ekki tekin afgerandi afstaða til bílaumferðar eða „opnunar“ götunnar sem göngugötu. Þó er gert ráð fyrir að alla vega fyrst um sinn verði bíla- og hjólaumferð leyfð allt árið á efrihluta hennar, frá Snorrabraut að Frakkastíg en jafnframt gert ráð fyrir því að á þeim götuhluta sé hægt að „lána“ bílastæði yfir sumartímann, og við sérstaka viðburði, og breyta í íveru-, sölu- og útveitingasvæði.

Að sama skapi er gert ráð fyrir að neðrihluti Laugavegarins, frá Frakkastíg að Bankastræti og Skólavörðustíg, verði göngugata á sumrin og á öðrum völdum tímabilum, til dæmis í kringum sérstaka viðburði og í desember, sem próast gæti með tímanum yfir í að verða heilsárs göngugata.

Annað meginmarkmið með hönnun götunnar er að hún tengist betur hliðargötum og opnum svæðum og rýmum meðfram götunni. E.t.v. mætti hugsa sér samstarf fasteignaeigenda og borgarinnar um endurnýjun á bakgördum og millirýmum með það að markmiði að gera þau aðgengileg almenningi. Svæðið neðst á Laugaveginum, hliðargötur þess Smiðjustígur og Vegamótastígur, og svæðin þar á milli eru til að mynda mjög áhugaverð í þessu sambandi. Þar mætti sjá fyrir sér að það þróist frekar sem veitingahúshverfi með spennandi bakgördum og millirýmum sem svo algengt er að sjá í tengslum við þekktar göngugötur erlendis. Þetta, ásamt nýjum tengingum við Hljómalindarreitinn, gæti ýtt enn frekar undir fjölbreytt mannlíf á svæðinu. Þessu tengt mætti sjá fyrir sér að byggður yrði nýr útigarður ofan á bílastæðahúsið við Hverfisgötu með veitingasölu og leiksvæði fyrir börn, sem annaðhvort tengdist Laugaveginum á hefðbundinn hátt frá Traðarkotssundi eða Smiðjustíg, eða e.t.v. með göngubrú beint frá Laugavegi. Þannig yrðu til rými við götuna sem gæfu gestum Laugavegarins möguleika á að draga sig í hlé um tíma frá amstri hans og njóta veitinga í kyrrlátum útigörðum eða hliðargötunum áður en Laugavegurinn lokkar þig „lengra- lengra í það óendanlega“.


Þannig má hugsa sér Laugavegin sem perlufesti sem við hengjum á mismunandi möguleika og tækifæri. Gert er ráð fyrir að við hverja blokk milli þvergatna verði gatan brotin upp og búið til „götutorg“ þar sem hægt væri að vera með götumarkaði, veitingar eða tónlistarviðburði með meiru. Þar víki hefðbundin götulýsing fyrir hærri ljósastaurum sem bjóða upp á ýmsa möguleika varðandi lýsingu og skreytingar við hin ýmsu tilefni. Í tengslum

við götutorgin og á milli þeirra eru bekkir, gróður og önnur götugögn hengd á perlufestina. Með uppsetningu á sérstökum öflugum fjölnota ljósastaurum í stað götulýsingar á götutorgum má vinna með ýmis lýsingarþema í götummyndina. Þannig má hugsa sér „norðurljósatorg“ þar sem ljósasläður muni dansa á götunni og „stjörnumerktatorg“ þar sem framkallaður er stjörnuhiminn eða himintungl þegar dimma tekur. Þannig er leitast við í tillöggunni að vægi götunnar verði fært frá gatnamótunum eins og er í dag yfir á götutorg.


Eins og áður sagði byggir tillagan á að skapa möguleika í göturýminu til ýmissa nota á sem flestum tímum ársins. Tillagan gerir ráð fyrir að gatan sé línuleg og að götusniðið skiptist í fjóra hluta, göngusvæði norðan megin, fjölnotarými, bíla- og göngugöturými og göngusvæði sunnan megin. Þannig er gert ráð fyrir að öll bílastæði verði norðanmegin við aksturslínuna, í belti sem einnig mun innihalda gróður, bekkir og önnur götugögn. Með því að staðsetja bílastæði þeim megin myndast allt að 6,5 m breitt belti sem nýtur sólar á sumrin. Þessi staðsetning gefur þannig tækifæri á að „lána“ bílastæði, að hluta til eða að öllu leyti, undir veitingasölu, markaðsbáa, jólamarkað eða hvíldar- og gróðursvæði, þó umferð sé um götuna, og mynda þannig útmarkaðsstemmingu þeim megin sem birtu nýtur. Við þessa staðsetningu á bílastæðum teljum við að gatan verði opnari og þannig fáist betri yfirsýn yfir göturýmið hvort sem opið eða lokað er fyrir umferð. Gatan verði auðbreytanlegri og meira jafnræðis sé gætt gagnvart þeim fyrirtækjum sem við götuna eru. Engu að síður er gert ráð fyrir að göngusvæði beggja vegna götunnar verði breikkuð til muna frá því sem nú er. Auk þess að innihalda bílastæði, bílastæði fatlaðra og vörulosun hefur fjölnotarýmið á milli göngurýmis og akbrautar margbreytilegan tilgang í tillöggunni sem svæði með mismunandi gróðri, ljósum, setbekkjum, reiðhjólgrindum og öðrum götugögnum.



**LANGSNEIÐING**  
MKV\_ 1:200 Götutorg við Vegamótastíg



**SKÝRINGARMYND**  
Göngugata sem býður upp á margbreytileika og möguleika á því að færa verslun og þjónustu út á sjálfa götuna



**AFSTÖÐUMYND**  
MKV\_ 1:200 Götutorg við Vegamótastíg

upphepptar götumerkingar

Í tillöggunni um Laugavegin er skírskotað til þess tíma þegar þar lá stígur yfir í „Laugar“ (þvottalaugar). Þetta er gert með því að mynda áberandi belti eða „upplýsinga og tæknibraut“ sem við kjósum að kalla „Stíginn“. Í „Stígnum“ verður m.a. komið fyrir ofanvatnsrennu ásamt leiðarlínum fyrir blinda og sjónskerta. Þar mun einnig vera möguleiki á að fella niður spjöld þar sem hægt væri að koma fyrir letri með sögu Laugavegarins ásamt öðru bundnu máli og eða upplýsandi efni með upplýsingum um húsnúmer, gatnamót og fl. „Stígurinn“ verður einnig nýttur sem tæknirými fyrir snjóbræðslukerfi og raflagnir sem tengjast götunni en einnig mun hann ramma af gangstéttina gagnvart sameiginlega breytilega rýminu út mót götunni. Í tengslum við „Stíginn“ og ofanvatnsrennuna færi vel á því að byggja upp litlar „þvottalaugar“ sem falla myndu að efnisnotkun í götunni en skírskota til gömlu lauganna í Laugardal. Úr þessum laugum myndi stíga upp dauf gufa, sem með hæfilegri lýsingu gæti skapað hughrif ferðamanna og almennings sem um götuna fara.

Í tillöggunni er mikið unnið með að gatan hafi yfirbragð göngugötu, að þar sé gott aðgengi fyrir alla og að gatan og götugögnin veiti þær upplýsingar til notendanna sem þeir þurfa. Hægt er að taka upp hughrif og lýsingu Jóhannesar Kjarval, sem á jafn vel við í dag og hún átti við þá, og gera að sínu; „Laugavegurinn er svo formfull og laðandi gata, að hreinasta yndi er að ganga hana, ef hún bara væri hreinlegri en hún er og ef hún væri sljettuð og snyrtilega um hana hugsað frá Smiðjustíg alla leið inn að Rauðarlæk, má segja að gatan lokki mann og seyði. Þessi ör „fíni“ halli, sem laðar augað og tilfinninguna inneftir, lengra- lengra-, í það óendanlega“. Tillagan gerir einmitt ráð fyrir að gatan sé „sljettuð“, en það er bjargfóst trú höfunda tillögunnar að þannig skapist aukin og gagnkvæm virðing vegfarenda á milli og þar með aukið öryggi. Á hinn bóginn er ljóst að þrepalaust aðgengi og aðlögun að mismunandi húsagerðum frá mismunandi tímum og í mismunandi hæðarlegu er markmið sem ekki næst í einu vefangi. Sem stóran áfanga að því marki telja tillöguhöfundar rétt að kanna möguleika á því að gatan verði hækkuð í heild sinni um 10 - 15 sm. Slík aðlögun götunar að inngangshæð húsanna myndi samkvæmt úttekt Skyttanna auðvelda aðkomu að nærri 200 eignum þar sem eitt þrep eða minna er á milli götu og gólfhæðar. Auk þess myndi þessi aðgerð hjálpa uppá aðgengi fjölmargra innganga þar sem eru tvö þrep í dag, en myndi fara niður í eitt, sem hugsanlega mætti aðlaga í hellulögn. Þannig myndi þessi einfalda aðgerð hjálpa mikið uppá aðgengi fyrir alla.


**Efnisval:**

Gert er ráð fyrir að skipta um allt yfirborðsefni götunnar. Tré og annar gróður verður á sameiginlega svæðinu og myndar ramma utan um bekkjasvæði götunnar. Aðal yfirborðsefni götunnar yrðu stórar steypar ílangar hellur sem lagðar yrðu með lyftum og sogskálum, þvert á stefnu götunnar. Hugmyndin er að nota mætti endurnýttan glermulning sem eitt af íblöndunarefnum í hellusteypuna. Með því móti fengju hellurnar breytilega og glitrandi litaáferð og jafnframt myndu hellurnar endurkasta ljósi betur og gera götumyndina bjartari, ásamt því að minnka ljósa- og orkuþörf. Til mörkunar á göngu-, dvalar- og aksturssvæðum í götunni, og sem skírskotun til gamals tíma, verklags og byggingarefnis yrðu lagðar þverrendur úr grágrýti. Grágrýtið væri einnig notað sem byggingarefni við gróðursvæði, bekki, laugker og fl. Yfirborð náttúrusteins og hellna er almennt slétt en þó er gert ráð fyrir að það sé hrjúft meðfram akstursleið til afmörkunar á og einnig þvert yfir gönguleiðir áður en komið er að gatnamótum, til aðvörunar. Íslenskt lerki notast sem setur á bekki.


„Laugavegsstígurinn“, þ.e. ofanvatnsrennan og leiðarlínan með upplýsinga- og tæknikerfum er úr steypujárni. Ljósastaurar, hjólagrindur, ruslastampar og skiltaprestar eru úr stáli í grænum Reykjavíkurlit. Tillagan gerir ráð fyrir að gatan myndi ramma fyrir fjölbreytilega notkun, og þar með götugögn, og verði þannig ekki yfirhönnuð í alla staði heldur gefi og ýti undir að fólk (og fyrirtæki og aðrir rekstraraðilar) komi með sitt innlegg inn í götumyndina og skapi þannig margbreytilega götu allt eftir tilefninu.

**LEIÐARALÍNA - "Laugavegsstígur"**

Upplýsinga - og tækni braut




**GÖTUBÚNAÐUR**



**Götubúnaður: SKILTI**


Leiðbeiningar um útfærslu skilta á húsum




Gróðurbeð / setbekkir



"þvottalaug"



Upplýft grasflöt / setbekkir





BONUS

KJÖRGARDUR

59

Volare  
ATMOSFERA ITALIANA  
AUGAVEGI 55  
REKJAVIK

### Gróður:

Öllum gróðri verður markvisst komið fyrir í svæði milli göngu- og akbrautar, ásamt bekkjum og öðrum götugögnum, norðan megin götu. Um er að ræða þrenns konar gróður, beinstofna götutré, runnagróður og litlar upphleyptar grasflatir. Markmið með götugróðri eru margvísleg, skapa skjól, auka loftgæði með bindingu rykagna, auka á hlýleika og fjölbreytileika götumyndar, endurspegla breytileika árstíða og vera umgjörð og undirlag fyrir dvöl og viðveru fólks. Auk þess gætu götutré verið undirstaða fyrir jólalýsingar og skraut.

Í stað þess að gróður myndi samfellu eftir allri götunni er gert ráð fyrir að honum verði komið fyrir í þyrpingum eða sem stakstæðum trjám. Þannig myndi gróðurinn litla „staði“ á götuásnum, verða grænu „perlurnar“ í perlufesti götunnar og falli jafnframt inn í einfalt yfirbragð götunnar þar sem óslitin yfirborðsþekja er allt um liggjandi.


Götutré og runnagróður verður varinn með upphleyptum grágrýtishleðslum, sem aftur falla inn í hellumynstur og eru hluti af heildargötumynd. Hleðslurnar verða 40cm háar sumar klæddar með trésetum þannig að hægt sé að tylla sér á þær. Auk trjáa og runnabeða verða byggðar upp litlar grasflatir í svipaðri hæð þar sem hægt verður að tylla sér á kantinn eða setjast og leggjast á grasflötina. Hugsanlega mætti nota þessi upplyftu svæði sem lítil svið eða til annars konar útstillingar af ýmsu tagi.

Við val á tegundum í trjá- og runnabeð verði horft til þátta eins og þolgæða, rýmisþarfar og viðhaldsþarfar en einnig fjölbreytileika í útliti og eiginleikum m.t.t. haustlita, berja og vetrarskrúða, ásamt því að tekið verði tillit til ofnæmisvaka við val á trjágróðri. Gert er ráð fyrir að götutré verði upplýst í skammdeginu og að ljósum verði komið fyrir í „Stígnum“.




### SNEIÐINGAR MKV\_ 1:100


Sneiðing\_AA \_\_\_VETUR



Sneiðing\_AA \_\_\_SUMAR



Sneiðing\_BB \_\_\_VETUR : JÓL



## Lýsing fyrir fólk

Götulýsingu er ætlað að veita birtu í göturýmið á þann hátt að vegfarendur skynji göturýmið á sem þægilegastan hátt og stuðli þannig að betri öryggiskennd og betra aðgengi fólks um götuna. Með samspili götulýsingar, áhrifalýsingar og yfirboðsefna skal gatan og göturýmið vera auðkennanlegt og þægilegt yfirferðar þar sem hugað verður sérstaklega að lýsingu á gatnamótum og við breytingar á götumynstri.


### Götumynd

Lagt er til að yfirbragði götulýsingar verði að nokkru breytt miðað við það sem er til staðar í miðbænum í dag. Ljósastaurum er komið fyrir í einni röð og mun kasta birtu þaðan, annarsvegar niður á ljóst og endurkastbært götuyfirborð og hinsvegar upp á aðliggjandi veggfleti. Í tillögunni spilar yfirborð, götumynd og lýsing saman sem ein heild og skapar góða umhverfislýsingu sem hjálpar til við að skynja götumyndina og bjartan ás hennar. Með ljósu yfirborði götunnar skilar birta sér betur inn í götumyndina og dreifir henni glýjulaust þannig að lýsingin skapar þægilegt sjónrænt umhverfi fyrir íbúa og vegfarendur og ber virðingu fyrir núverandi ásýnd.

Með bjartari veggflötum og endurkasti frá götuyfirborði næst betri og þægilegri birtudreifing í göturýminu, sem aftur stuðlar að minni augngljúju hjá fólki og þar með auknu næmi fyrir birtu! Þannig má hugsa sér að minnka mætti heildarljós-magn götunnar og þar með spara orku. Við mat á orkuþörf og ljósmagni, og við val á ljósbúnaði skal sjálfbærni og vistvæni höfð að leiðarljósi.


### Breytileiki

Markmið lýsingar er að geta skipt um ham eftir tíma sólarhringsins, árstíðum og viðburðum. Breytileikinn getur framkallað allt frá kyrrð um miðja nótt upp í gagnvirka viðburðalýsingu á völdum stöðum þegar það á við. Breytileikinn miðast við að öryggi sé alltaf haft að leiðarljósi. Auðvelt er að breyta lýsingunni þannig að hún komist í jóla- og eða hátíðarham.



### Almenn götulýsing:

Hugmyndin er að lýsa allt göturýmið meira en vanalegt er. Þannig er gert ráð fyrir að nokkur hluti ljósmagnsins (10%) verði varpað beint á húshliðarnar en (90%) hennar falli á götuna, þar sem hluti hennar endurvarpast aftur upp í rýmið frá ljósu yfirborði götunnar. Hugmyndin með lýsingu á götutorgum er að auka á fjölbreytileika og möguleikum varðandi rýmismyndun þeirra. Byggðir verða öflugir ljósastaurar sem gefa möguleika á að strengja ljóstrengi á milli þeirra og mynda þannig götu-, karnival- eða jólastemmingu. Götugögn verða síðan með innfeldri óbeinni áhrifalýsingu.



### NÆTURLÝSING

Hughrif og tillögur að útfærslu ljósa í götunni




### NÆTURLÝSING

mynd við Kjörgarð sýnir möguleika í götulýsingu fyrir sérstaka viðburði





### NÆTURLÝSING


mynd sýnir tillögu að lýsing undir setbekki og almenna lýsingu á húsum











Vitastígur

nr.65

nr.77  
(Hverfamiðstöð)

Barónsstígur

nr.60

nr.70

nr.80

GÖTUTORG

B

B

